

Ársskýrsla húsnefndar félagsheimilis Borgfirðings

starfsárið 01.10.2020 til 30.09.2021

Nefndina skipuðu Árni Guðjónsson, Kristján Gíslason, Kristján Jóhannes Pétursson, og Marteinn Valdimarsson, formaður nefndarinnar. Kristján Jóhannes óskaði að segja sig frá störfum í nefndinni í byrjun október s.l. vegna anna í starfi og námi. Honum er þökkuð góð störf við húsvörslu sem hann sinnti af kostgæfni.

Nefndin hélt tvo formlega og bókaða fundi auk þess sem nefndarmenn ræddu oftlega sín á milli og skipust á tölvupóstum um málefni félagsheimilisins.

Starf nefndarinnar var lítið á fyrra starfsári, en nú tók húsnefnd sig á. Setti upp kostnaðaráætlun um viðhald og endubætur, sem fólust í:

- Ljúka frágangi á loftinu. Setja á það gólfplötur, setja upp nýja rakasperru og tengja loftræsting frá salernum upp úr þaki.
- Mála þakið
- Skipta um gler í gluggum á suðurhlið og vesturgafli
- Leggja stétt við inngang með möguleika á snjóbræðslu
- Steypa stétt við suðurhlið hússins

Áætlun gerði ráð fyrir 1,9 millj.kr. útlögðum kostnaði. Áætlunin var send stjórn félagsins 3. júní, s.l. með fyrirspurn um það hvort nefndinni væri heimilt að fara í þessar framkvæmdir. Svar barst 22. júní, s.l. þannig hljóðandi:

„Ákvörðun Borgfirðings liggur fyrir að treysta húsnefndinni fyrir því að gera það sem hún telur fyrir bestu og taki réttar ákvarðannir með hag félagsins að leiðarljósi.“

Þá þegar var gengið í að koma öllum verkþáttum í framkvæð og gengið frá kaupum á aðföngum og samkomulagi við þá sem tóku að sér að vinna verkin. Það tóks ljúka þessum framkvæmdum að mestu áður en FV 2021 hófst 8. júlí, s.l. Útlagaður kostnaður á starfsárinu er rúm. 1,6 millj.kr. Sjálfboðavinna var um 100 tímar sem meta má á um 500.000 kr. Þeim sem lögðu hönd á plóginn er hér með færðar kærar þakkir fyrir sitt framlag.

Til þessara verkefna og fékks alls 1.025 þús.kr. styrkur frá Borgarbyggð þar af 922 þús.kr. á þessu starfsári. Þannig að útgjöld félagsins voru 700 þús.kr. til þessara verkefna á starfsárinu. Eftir er að greiða fyrir lítinn hluta vegna glerskiptanna og fyrir málun glugga, hurða og þakkants. Fyrri umferð hefur verið unnin að hluta að undanfögnu. Kostnaður verður um eða rétt yfir 200 þús.kr.

Það er ljóst að ýmislegt fleita þarfa að gera fyrir félagsheimilið okkar.
Það sem hefur verið til umræðu og skoðunar hjá húsnefndinni er eftirfarandi:

Bætt hljóðvist í salnum, sem er mjög slæm
Tenging snjóbræðslukerfis í stéttinni við inngang
Opnun með dyrum út á stéttin við hlið hússin
Uppsetning skjólveggjar á sömu stétt.
Málun hússins að utan

Umgengni um félagsheimilið hefur ekki í öllum tilfellum verið ásættanleg og í eitt skipti taldið nefndin sig þurfa að taka á því sérstaklega. Hún leggur áherslu á það við félagsmenn að við göngum vel um húsið okkar, sem og við þá sem leigja það.

Stöðulsholti, 10. nóvember, 2021
Marteinn Valdimarsson